

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um nr. 830/2011 um ökuskírteini.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist ný 4. málsgrein, svohljóðandi:

Við umferðareftirlit getur lögregla staðfest gildi stafræns ökuskírteinis með til þess gerðum hugbúnaði sem ríkislögreglustjóri gefur út. Hugbúnaðurinn skal tengdur við ökuskírteinaskrá og upplýsingar sóttar þáðan. Ríkislögreglustjóra er heimilt veita öðrum en lögreglu takmarkaðan aðgang að ökuskírteinaskrá og gera þannig sömu upplýsingar og fram koma á hefðbundnu ökuskírteini aðgengilegar með hugbúnaði í þeim tilgangi að sannreyna upplýsingar í stafrænu ökuskírteini. Handhafi ökuskírteinis skal í slíkum tilvikum upplýstur um það hvaða miðlun upplýsinga fer fram.

2. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 58. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, . janúar 2022.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.